

## SAMKOMULAG

um endurskoðaða verka- og kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga vegna  
breytinga á fyrirkomulagi húsnæðisstuðnings við leigjendur

og

leiðbeinandi reglur velferðarráðuneytisins um sérstakan húsnæðisstuðning og  
úthlutun félagslegs íbúðarhúsnæðis sveitarfélaga.

---

### 1. gr.

#### *Markmið.*

Markmið samkomulags þessa er að kveða á um endurskoðað verka- og kostnaðarskiptingarsamkomulag milli ríkis og sveitarfélaga vegna breytinga á fyrirkomulagi húsnæðisstuðnings við leigjendur við gildistöku laga um húsnæðisbætur ásamt því að stuðla að samræmi á milli reglna sveitarfélaga um sérstakan húsnæðisstuðning og úthlutun félagslegs íbúðarhúsnæðis á vegum sveitarfélaga samkvæmt XII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum.

### 2. gr.

#### *Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga vegna húsnæðisstuðnings við leigjendur.*

Ríkið skal annast framkvæmd almenns húsnæðisstuðnings við leigjendur samkvæmt lögum um húsnæðisbætur.

Sveitarfélög skulu annast framkvæmd sérstaks húsnæðisstuðnings samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum.

### 3. gr.

#### *Kostnaðarskipting ríkis og sveitarfélaga vegna húsnæðisstuðnings við leigjendur.*

Kostnaður, þar á meðal umsýslukostnaður, vegna almenns húsnæðisstuðnings við leigjendur á grundvelli laga um húsnæðisbætur greiðist úr ríkissjóði.

Kostnaður, þar á meðal umsýslukostnaður, vegna sérstaks húsnæðisstuðnings á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga greiðist af sveitarfélögum, þar á meðal kostnaður vegna sérstaks húsnæðisstuðnings til foreldra eða forsjáraðila barna yngri en 18 ára sem hafa tímabundið aðsetur á heimavist eða námsgörðum að teknu tilliti til heildaraðstæðna fjölskyldnanna samkvæmt nánari útfærslu aðila þessa samkomulags.

### 4. gr.

#### *Sérstakur húsnæðisstuðningur.*

Sveitarfélög skulu veita íbúum, sem á þurfa að halda, sérstakan húsnæðisstuðning til að lækka greiðslubyrði vegna húsnæðiskostnaðar í samræmi við nánari reglur sem sveitarstjórn setur.

Félags- og húsnæðismálaráðherra skal, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, gefa út leiðbeinandi reglur til sveitarstjórna um framkvæmd sérstaks húsnæðisstuðnings skv. 1. mgr. ásamt viðmiðunarfjárhæðum. Sveitarstjórn setur nánari reglur um húsnæðisstuðninginn á grundvelli leiðbeininga ráðherra. Reglur sveitarstjórnar skulu birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

5. gr.

*Úthlutun félagslegs íbúðarhúsnæðis á vegum sveitarfélaga.*

Sveitarfélög skulu setja sér reglur um úthlutun félagslegs íbúðarhúsnæðis skv. XII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum, sem hafa það að markmiði að tryggja þeim sem á þurfa að halda félagslegt íbúðarhúsnæði og lágmarka biðtíma eftir slíku húsnæði eins og kostur er.

Félags- og húsnæðismálaráðherra skal, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, gefa út leiðbeinandi reglur til sveitarstjórna um úthlutun félagslegs íbúðarhúsnæðis skv. 1. mgr. Sveitarstjórn setur nánari reglur um úthlutun félagslegs íbúðarhúsnæðis á grundvelli leiðbeininga ráðherra. Reglur sveitarstjórnar skulu birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

6. gr.

*Fjármögnun verkefna skv. 4. og 5. gr. samkomulagsins.*

Breyting á kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna húsnæðisstuðnings við leigjendur samkvæmt 3. gr. samkomulags þessa skapar fjárhagslegt svigrúm hjá sveitarfélögum vegna útgjaldalækkunar þeirra á ársgrundvelli miðað við árslok 2016 er lög um húsnæðisbætur koma til framkvæmda. Aðilar samkomulagsins eru sammála um að nýta skuli þetta svigrúm í þágu verkefna skv. 4. og 5. gr. samkomulagsins, í a.m.k. þrjú ár frá gildistöku þess, til viðbótar við aðra fjármuni sem þau nýta til þessara verkefna.

7. gr.

*Samráðsnefnd.*

Á gildistíma samkomulags þessa skal starfa samráðsnefnd um vöktun og greiningu á áhrifum samkomulagsins, þar á meðal fjárhagslegum áhrifum. Nefndin skal skipuð fjórum fulltrúum, tveimur samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga, einum samkvæmt tilnefningu fjármála- og efnahagsráðherra og einum samkvæmt tilnefningu félags- og húsnæðismálaráðherra, sem skal vera formaður nefndarinnar.

Samráðsnefndin skal fylgjast með hvernig markmiðum laga er varða framtíðarskipan húsnæðismála er náð, með útgáfu stjórnvaldsfyrirmæla og annarri stjórnsýsluframkvæmd og meta fjárhagsleg áhrif þeirra gagnvart sveitarfélögum. Nefndin skal setja fram ábendingar eða tillögur um úrbætur þegar tilefni er til. Enn fremur skal nefndin sérstaklega fjalla um verkefni samkvæmt samkomulagi þessu, þ.e. þróun á sérstökum húsnæðisstuðningi sveitarfélaga og uppbyggingu á félagslegu íbúðarhúsnæði til úthlutunar á grundvelli lögákveðinna markmiða. Þá skal nefndin fylgjast með almennu framboði íbúðarhúsnæðis í sveitarfélögum, þar með talið skipulagsmálum og framboði á lóðum á grundvelli upplýsinga frá þar til bærum aðilum. Nefndin skal skila árlegri skýrslu til félags- og húsnæðismálaráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Tilnefningaraðilar skulu bera kostnað vegna fulltrúa sinna í nefndinni.

E14

UZ

8. gr.

*Mat á nýtingu fjárhagslegs svigrúms.*

Að þremur árum liðnum frá gildistöku samkomulags þessa skal fara fram mat á framkvæmd 4. og 5. gr., þar á meðal hvernig svigrúm skv. 6. gr. hafi verið nýtt í þágu verkefna skv. samkomulagi þessu. Matið skal byggt á greiningum og öðrum niðurstöðum samráðsnefndar. Nefndin skal koma sér saman um viðmið miðað við stöðuna við árslok 2016 svo unnt sé að meta þróun þessara mála hjá sveitarfélögum. Leiði matið í ljós þá niðurstöðu að sveitarfélög hafi nýtt hið fjárhagslega svigrúm skv. 6. gr. til framkvæmdar 4. og 5. gr. samkomulagsins skulu fjármunir skv. 6. gr. áfram nýtast þeim til þeirrar framkvæmdar.

9. gr.

*Gildistaka.*

Samkomulag þetta tekur gildi við gildistöku laga um húsnæðisbætur og skal endurskoðað að þremur árum liðnum frá gildistöku laganna.

Við gildistöku samkomulags þessa falla úr gildi eldri samkomulög um verka- og kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna húsnæðisstuðnings við leigjendur.

Reykjavík, 31. maí 2016.



**Eygló Harðardóttir**  
félags- og húsnæðismálaráðherra  
f.h. ríkisstjórnar Íslands



**Karl Björnsson**  
frkstj. Sambands íslenskra sveitarfélaga  
f.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga

VELFERDARRÁÐUNEYTIÐ	
Málafl.	e2./5.0/
1. JÚNÍ 2016	
Ábm.	LMS + ...
Málsnr. VEL.	/5080188